

Reykjavík, 22.nóvember 2019

Erindi nefndarsviðs Alþingis dagsett 8.11.2019 varðandi ósk um hugmyndir og ábendingar vegna væntanlegrar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2020-2024

Nafn sendanda: Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar vísar til yfirlýsingar borgarstjórnar, sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 17. September 2019¹, um Reykjavík sem fjölmeningarborg. Í yfirlýsingunni felst vilji til að leggja áherslu á ávinning fjölbreytileikans fyrir samfélagið, sjá innflytjendur sem drifkraft fyrir samfélagið og auðlind fyrir hagkerfið, félagslífið og menningarlíf Reykjavíkur. Fjölmeningarráð Reykjavíkurborg hvetur eindregið til þess að sama sýn verði höfð að leiðarljósi við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda. Ríkisstjórnin gæti farið að fordæmi stjórnvalda í Portúgal og samþykkt yfirlýsingu um fjölmeningarsamfélag, sjá *Strategic Plan for Migration*². Allir eiga rétt á að njóta sín til fulls og það er á ábyrgð stjórnvalda að haga sínum ábyrgðarþáttum og móta stefnur á þann hátt að það sama gildi fyrir innflytjendur og aðra.

Frá árinu 2014 hefur Reykjavíkurborg verið þátttakandi í samstarfsverkefni Evrópuráðsins sem ber heitið Intercultural Cities. Þetta er tengslanet þáttökuborga og jafnframt mjög sterkur sérfræðivettvangur fólks með þekkingu á málefnum er varða fjölmeningu. Sú þekking og sérfræðikunnátta sem er til staðar er helsti ávinningur þess að vera hluti af tengslanetinu. Þátttaka í verkefninu hefur þannig komið að miklu gagni við innleiðingu stefna og verkefna sem varða fjölmeningu en fyrst og fremst hafði þetta sterk áhrif á breytingu stefnumótunar frá margmenninga (*e. multiculturalism*) yfir á aðferðafræði fjölmeningar (*e. interculturalism*). Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar hvetur stjórnvöld til að taka upp sambærilega nálgun.

Heildarsýn ráðsins byggir á því markmiði gera innflytjendum kleift að taka virkan þátt, stuðla að jafnrétti og fjölbreytileika á breiðum grundvelli (kyni, uppruna og fleiri þáttum) og styðja við

¹ <https://reykjavik.is/radognefndir/fjolmenningarrad>

² https://www.acm.gov.pt/documents/10181/222357/PEM_ACM_final.pdf

jákvæð samskipti í samfélaginu. Þetta þarf svo að innleiða í allri ákvörðunartöku yfirvalda, hjá öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum.

Ábendingum Fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar er hér skipt í almennar ábendingar, sérstakar ábendingar og tillögur að aðgerðum sem heyra undir þær stoðir sem eru grundvöllur nógildandi áætlunar. Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar vill þó koma á framfæri mikilvægi þess að halda núverandi stoðum inni í áætluninni.

Almennar ábendingar varðandi gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar:

- Samþætting verði höfð að leiðarljósi, fjölga þarf verkefnum undir stoðum sem fjalla um að auka þátttöku innflytjenda á þeim sviðum sem tengjast ekki bara uppruna þeirra. Sem dæmi hvort innflytjendur taki þátt í foreldrarstarfinu í íþróttum eða skólum, hvort þeir sækji bókasöfn, hvort þjónustan hjá hinu opinbera sé aðgengileg (hvort sem er varðandi skipulagsmál, námslán eða bótakerfi), hvort þeir sækji um opinbera styrki, hvort þeir séu virkir í hagsmunasamtökum sem tengjast öðru en innflytjendamálum og ef ekki, hvernig er hægt að auka þátttöku þeirra? Þar þarf til dæmis að leita eftir samstarfi við íbúasamtök, íþróttafélög og björgunarsveitir svo dæmi sé nefnt.
- Aukið gagnsæi varðandi upplýsingar um framgang, nýtingu fjármagns vegna framkvæmdaáætlunar auk upplýsinga um þátttöku samtaka og hagsmunaaðila í málefnum innflytjenda í þeirri vegferð.
- Framkvæmdaáætlun 2016-19 var að miklu leyti óraunhæf. Framkvæmdin fólst að of miklu leyti í að setja á fót starfshópa í stað þess að fara í raunverulegar aðgerðir til úrbóta. Sú hugsun að nýta mannauð, valdefla innflytjendur til að vinna að breytingum, bættri þjónustu og skapa jákvæðar fyrirmyndir ætti að vera grundvöllur verkefnanna. Framkvæmdin þarf að leiða af sér raunverulegan stuðning sem hjálpar til við að skapa fjölmeningarsamfélag.
- Þörf er á að óháðir aðilar framkvæmi úttekt á starfi Fjölmeningarsetursins, skilgreiningu og afmörkun á hlutverki þess. Æskilegast væri að skipta starfseminni í þrennt: stuðning við innflytjendur, stuðning við sveitarfélög og stuðning við opinbera stofnanir á vegum ríkisins.
- Útvista ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni markmiða í auknu mæli til annarra en ráðuneytisins, til dæmis til sveitarfélaga og/eða grasrótarsamtaka. Það er einnig mikilvægt að fjármagn í samræmi við markmiðin rati til ábyrgðaraðila.

- Innflytjendur eru hluti af íslensku samfélagi. Þörf er á meiri rannsóknum á viðhorfum innflytjenda til samfélagsins en ekki bara samfélagsins til innflytjenda.
- Greina þarf nýtingu jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir þennan málaflokk almennt og kanna möguleika á að nýta sjóðinn í auknu mæli þar sem þörfin er knýjandi, t.d varðandi fræðslu, endurmenntun og íslenskukennslu.
- Þörf er á að útvíkka jafnréttishugtakið og bæta málefnum innflytjenda inn í jafnréttisstarf.

Stoðir samkvæmt framkvæmdaáætlun 2016-2019

Samfélagið.

- Markviss kynning og upplýsingagjöf á lögum um jafnrétti og bann við mismunun nr.86/2018.
- Breytingar á upplýsingagjöf. Hingað til hafa íslenskar stofnanir/aðilar unnið upplýsingaefni fyrir innflytjendur, oft út frá eigin þekkingu á íslensku samfélagi, sem er svo þýtt af hlutlausum þýðendum, en ekki lagað að þekkingu/ menningarbakgrunni þeirra sem þær eru ætlaðar. Þessu þarf að breyta. Það er þörf á að upplýsingum sé miðlað af innflytjendum inn í þeirra bakland á þeirra forsendum og með fjölbreyttari leiðum en bæklingum, t.d. myndböndum, minni upplýsingarviðburðum sem lykilmál úr innflytjendasamfélaginu skipleggur. Það þarf að þjálfa hæft lykilmál og veita þeim svo svigrúm til að laga skilaboðin að sínum hópum. Þetta gætu verið mismunandi málefni, t.d verkefni sem snúast um, barnavernd, foreldrahlutverkið, réttindi á vinnumarkaði og svo framvegis.
- Starf ráðgjafarstofu innflytjenda á höfðuborgasvæðinu skv. samþykktri þingsályktunartillögu þarf að festa og styðja með framkvæmdaráætluninni.
- Efla stuðning við grasrótarsamtök sem starfa í málefnum innflytjenda með föstum framlögum auk þess að bjóða upp á að sækja um fjármögnun fyrir einstök verkefni. Helstu takmarkanir sem hagsmunasamtökum innflytjenda eru sett eru að engin þeirra hafa hingað til geta reitt sig á föst fjárlög ólíkt mörgum öðrum hagsmunasamtökum.
- Efla sérfræðiþekkingu og menningarnæmni hjá starfsfólki ríkisstofnana (eins og Jafnréttisstofu, Vinnumálastofnun, Sjúkratryggingar Íslands, ráðuneyti)

- Móta og innleiða móttökuáætlun sveitarfélaga. Markmiðinu þurfa að fylgja fjármagn og gátlistar.
- Sérstök aðstoð og aðgerðir fyrir innflytjendur til að jafna stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöður rannsókna í framkvæmdaáætlun 2016-2019 eiga að skila nýjum raunverulegum markmiðum.
- Stofna embætti umboðsmanns innflytjenda sem er aðskilið frá málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd/kvótaflóttafólks.
- Sérstakar aðgerðir sem varða ellilífeyrisþega/öryrkja af erlendum uppruna. Skoða þarf stöðu þessara hóps og búa til aðgerðir sem koma í veg fyrir einangrun og fátækt. Margir eldri innflytjendur eru háðir fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna vegna skertra lífeyrisréttinda.
- Markvissar aðgerðir sem varða konur af erlendum uppruna og ofbeldi. Þær myndu brúa bili milli félagsamtaka sem vinna í málaflokknum, stofnana og samtaka sem vinna sérstaklega að úrræðum varðandi ofbeldi. Það þarf að móta nýjar og markvissari leiðir til valdefla konur af erlendum uppruna sem eru fórnarlömb kynferðisleg og/ eða heimilisofbeldi.
- Vinna gegn hatursorðræðu/ mismunun og skapa jákvæða ímynd innflytjenda í íslensku samfélagi, vinna markvisst með svokallaðar “*anti-rumour strategies*”.³
- Túlka/ þýðingarsjóður annað hvort fyrir einstaklinga eða samtök, svipað og fyrirkomulag á sjóðnum sem greiðir fyrir túlkabjónustu heyrnarlausra.
- Skipuleggja málþing um samskipti innflytjenda og yfirvalda.

Fjölskyldan.

- Rannsaka þarf niðurstöður í forsjá / barnaverndarmálum innflytjenda og auka stuðning fyrir foreldra/ aðstandendur og börn.
- Sjóður sem veitir innflytjendum tækifæri til að sækja um stuðning til að halda t.d fræðslu um foreldrahlutverk fyrir innflytjendahóp, hjá hagsmunasamtökum á borð við Samfok, Þroskahjálp osvfr.
- Forvarnarverkefni útfært fyrir börn af erlendum uppruna

³ <https://www.coe.int/en/web/interculturalcities/anti-rumours>

- Tilraunaverkefni Barnarverndarstofu um brúarsmiði en það eru stuðningsaðilar úr hópi innflytjenda sem aðstoða í til dæmis erfiðum barnaverndarmálum.
- Vitundarvakning innan Íþróttahreyfingarinnar um mikilvægi þess að starfa með hag alla hópa í samfélaginu að leiðarljósi. Hér virðist vera útbreitt viðhorf að takmörkuð þátttaka barna og unglunga af erlendum uppruna í íþróttum skýrist eingöngu af fjárhagserfiðleikum og skorti á upplýsingum til foreldra.
 - Könnun á menningarnæmni innan Íþróttahreyfinga
 - Átak til að fá foreldrar af erlendum uppruna inn í foreldrastarf
 - Vitundarvakning um hvernig menningin og skipulag starfsins tengist íslensku samfélagsmynstri sem getur verið útilokandi fyrir innflytjendur. Dæmi um þetta eru fjármögnunarleiðir fyrir keppnisferðir (klósettpappíssala) sem byggir á að foreldrar eigi stóra fjölskyldu og hafi öflugt tengslanet í kringum sig.
 - Auglýsingarherferð með fyrirmyndum (unglingar af erlendum uppruna sem hafa náð langt í íþróttum)

Menntun.

- Íslenskuþorpið⁴, hugmyndafræði þróuð áfram fyrir samfélagið í heild
- Auka fræðslu í millimenningarnæmni fyrir starfsfólk í opinberum störfum með áherslu á framlínuþjónustu og þjónustuveitendur.
- Skapalón fyrir nýliðafræðslu fyrir innflytjendur um vinnumarkað á Íslandi. Gæti bæði nýst hjá hinu opinbera og einkafyrirtækjum.
- Auka fjármagn til rannsókna um börn sem hafa annað móðurmál en íslensku og fjöltyngdra nemenda.
- Nota *Menntastefnu Reykjavíkurborgar “Látum draumanna rætast”*⁵ sem fyrirmynd en markmið hennar tengjast réttindum, sjálfbærni og framtíðarfærni í vinnu við sérstaka aðgerðir sem varða menntun innflytjenda.

⁴ <https://www.islenskuthorpid.is/>

⁵ <https://menntastefna.is/>

- Verkefni sem snýr að því að tryggja eftirfylgni með *Leiðarvísi*⁶ um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi.
- Þróa hugmyndafræði um fjölskyldutungumálastefnu⁷ og fela hagsmunasamtökum innleiðinguna.
- Innleiðing tungumálastefnu⁸ fyrir hvern skóla í samstarfi við sveitarfélög
- Fjölga tækifærum á endur/ símenntun starfsfólks af erlendum uppruna í skólum, leikskólum og frístundastarfi.
- Fjölga ráðningum tvítyngdra kennara og fólks í ábyrgðarstöðum í skólakerfinu
- Semja skýrar reglur og leiðbeiningar í ferlum vegna umsókna um viðurkenningu á menntun frá útlöndum.
- Íslenskunámskeið og menningar-/samfélagsfræðsla fyrir alla nýja innflytjendur sbr. það sem gert er í Noregi.
- Séraðstoð fyrir ungt fólk af erlendum uppruna í grunnskólum og framhaldsskólum – einstaklingsmiðaðar áætlanir og kortlagning á þörfum hvers og eins.
- Efla íslenskukennslu fyrir fullorðna sem hluta af móttökuáætlun ríkisins varðandi innflytjendur. Íslenskukennsla þarf að vera endurgjaldslaus fyrir innflytjendur og má leita fyrirmynda að þessu hjá öðrum Norðurlöndum.
- Innleiða Tungumálastaðla Evrópuráðsins í námið og matspróf.
- Íslenskukunnátta fyrir háskólanám, stuðningur/mat fyrir háskóla nemar.

Vinnumarkaður.

- Auka hlutfall menntaðra erlendra starfsmanna í opinberum störfum. Krafa um færni í norðurlandamálum í starfsauglýsingum útilokar möguleika marga innflytjenda til að sækja um starf. Í staðinn væri hægt að gera kröfu um t.d. heimstungumál, evróputungumál eða viðskiptatungumál. Innleiða ætti kröfu um rökstuðning fyrir að sérstakrar íslensku- og annarrar tungumálakunnáttu sé krafist.

⁶ https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/umsogn_fjolmenningarrads_um_leidarvisi.pdf

⁷ http://www.aubreyloganterry.com/uploads/7/1/7/5/71755411/family_language_policy.pdf

⁸ <https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2019/10/Sj%C3%A1lfsmatslisti-fj%C3%B6ltyngi.docx.pdf>

- Styðja betur við frumkvæði innflytjenda á nýsköpunarverkefnum og í stofnun smáfyrirtækja t.d. Reykjavík Street Food⁹.
- Átak sem snýr að Íslendingum um að nota íslensku í samskiptum við samstarfsfólk af erlendum uppruna og stuðla að því að fyrirtæki bjóði upp á starfstengt íslenskunám.
- Lög um bann við mismunun *nr.86/2018* heimila “stjórnvöldum til að grípa til sértækra tímabundinna aðgerða til að bæta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði á þeim sviðum þar sem á þá hallar vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1.mgr. 1.gr. í því skyni að stuðla að jafnri meðferð á vinnumarkaði.”
- Rammaverk um atvinnuauglýsingar, leiðbeiningar til ráðningaraðila hjá hinu opinbera, kanna lagalega möguleika á jákvæðri mismunun (sérstök hvatning til innflytjenda að sækja um eða veita umsækjendum af erlendum uppruna forgang ef þeir eru jafnhæfir).
- Búa til fræðsluefni fyrir ráðningaraðila, bæði varðandi löggjöfina og menningarläsi.
- Skilgreina mælanleg markmið um fjölda innflytjenda sem vinna hjá hinu opinbera/ eða fá tækifæri að fara í atvinnuviðtal.
- Bjóða bættu aðstoð til innflytjenda við atvinnu umsóknarferli.
- Kanna viðhorf samstarfsfólks til innflytjenda í ábyrgðarstöðum (hjá hinu opinbera og á almennum vinnumarkaði) - rannsóknir frá kennaraháskólanum sýndu til dæmis að íslenskir nemendur voru tregir við að fá nemendur af erlendum uppruna inn í vinnuhópa vegna þess að þeir óttuðust aukið álag á sig vegna ófullnægjandi skriflegrar færni nemenda sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.
- Sérstakt átaksverkefni um að fjölga konum af erlendum uppruna í ábyrgðarstörfum eða sem sjálfstæðir atvinnurekendur¹⁰.
- Eftirfylgni með framkvæmd laganna um mismunun. Athuga þarf hvort erindi berist frá atvinnuumsækjendum, ef ekki af hverju, er markmiði laganna fylgt að skapa raunverulegt jafnræði eða er bara komið í veg fyrir augljósa mismunun?

⁹ <https://www.nmi.is/is/frettir/150-manns-nyir-islendingar-komu-a-fund-um-matarvagna?fbclid=IwAR1tpx6ryJAY2sLj4RSTRP67XQof9rHjwkr2vxAH1KTesH4j-zE7qPoDLLA>

¹⁰ <https://www.advancingmigrantwomen.com/about-amw>

Flóttafólk.

- Ungmenni án fylgdar (*unaccompanied minors*) - bæta móttöku og fjölga úrræðum fyrir ungmenni sem koma til Íslands án fylgdar.
- Samræmd móttaka kvótaflóttafólks og flóttafólks, einnig skilgreining á umframþjónustu fyrir þau sem eru með stöðu flóttafólks sem fær ekki þjónustu innan samnings milli ríkis og sveitarfélags.
- Skráning eða könnun á ólöglegri dvöl/leyfislausum innflytjenda (*Undocumented migrants*). Um er að ræða áætlaða tölu (*estimated*)¹¹.
-

Virðingarfyllst,

Sabine Leskopf

formaður fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar

¹¹ <https://ec.europa.eu/eurostat/web/products-eurostat-news/-/DDN-20180709-1?inheritRedirect=true&redirect=%2Feurostat%2Fweb%2Fmain>